

Hlutafélagið Vottun var stofnað þann 14. júní 1991 af eftirtöldum 16 hagsmunaaðilum í iðnaði, sjávarútvegi, verslun og þjónustu.

- Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda
- Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna
- Sölusamtök lagmetis
- Iðnlánasjóður
- Félag íslenskra iðnrekenda
- Landssamband iðnaðarmanna
- Verslunarráð Íslands
- Félag íslenskra stórkaupmanna
- Iðntæknistofnun Íslands
- Staðlaráð Íslands
- Síldarútvegsnefnd
- Fjárfestingasjóður stórkaupmanna
- Bifreiðaskoðun Íslands
- Samband íslenskra tryggingafélaga
- Íslenskar sjávarafurðir
- Eimskipafélag Íslands

Hluthafahópurinn samanstóð m.a. af hagsmunasamtökum sem veittu meirihluta starfsfólks á almennum vinnumarkaði á Íslandi atvinnu. Í dag eru hluthafar fimm talsins.



Skrifstofa félagsins er í Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Árleyni 2 (Keldnaholti) í Reykjavík ([sjá kort](#)).

Fastir starfsmenn eru fjórir en auk þeirra byggir starfsemin á framlagi sérfræðinga úr atvinnulífinu sem starfa sem verktakar á einstökum sviðum hjá Vottun hf.

Viðskiptavinir Vottunar hf. eru bæði opinberar stofnanir og fyrirtæki í flestum greinum íslensks atvinnulífs. Upplýsingar um vottuð fyrirtæki er að finna hér til hliðar, hægra megin á síðunni.